

	Kr.
Uppfærsla v/gengisbreytinga	78 891 250,00
Vaxtatekjur	16 396 824,88
	<u>223 475 690,21</u>

Gjöld:

Stjórnarlaun	24 228,00
Greiddar verðbætur á Nígeríuskreið framl. á árunum 1981, 1982 og 1983 fl. út frá og með 1. nóvember 1982, gert skv. sérst. ákv. stjórnar sjóðsins .	103 400 862,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hrl. 35284	120 050 600,21
	<u>223 475 690,21</u>

Reykjavík, 27. júlí 1984.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Davíð Ólafsson,
formaður.

Framanrituð greiðslufirlit 1983 höfum við endurskoðað. Innstæður sjóðsins í árslok 1983 höfum við sannreynt. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu.

Reykjavík, 19. júlí 1984.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði,
Seðlabanka Íslands.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

27. ágúst 1984

Nr. 374

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafir (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar við það mark, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa, sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember—31. nóvember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða gjald:

- | | |
|---|--------------|
| A. Samkvæmt magnhemli (aflgjald) | kr. 1 180,00 |
| fyrir hvern mínútulíttra á mánuði. | |
| B. Samkvæmt vatnsmæli (orkugjald) | kr. 59,00 |
| fyrir hvern rúmmetra vatns. | |

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Par sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks gjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur $\frac{1}{30}$ af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Par til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina fyrir notkun og/eða með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins, sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagald af búpeningshús-

um á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum (fjósom) sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf t gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 36\,200,00 + 39,30 \times V$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 54\,200,00 + 59,00 \times V$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- c) Af húseignum þar sem byggð er dreifð eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjárfestingu hitaveitunnar í stofnkostnaði lagna, vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðagjald er reiknað samkvæmt A — eða B lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu, nema annað sé ákveðið:

$$H \leq S - \frac{T}{0,14}$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, S stofnkostnað lagna í krónum að viðkomandi húseign, en ef þær nýtast fyrir fleiri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseignar í þeim. T áætlaðar árstekjur hitaveitunnar af vatnssölu til viðkomandi húseignar í krónum (húshitunarkostnað með hitaveitu). Þetta heimæðagjald er við það miðað að árstekjur hitaveitunnar af áætlaðri vatnssölu til viðkomandi húseignar standi hið minnsta undir 14% ársvöxtum af stofnkostnaði lagna, vegna viðkomandi húseignar, að frádregnu heimæðagjaldi, og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimæðagjaldið skal þó aldrei vera lægra en samkvæmt a- eða b-lið eftir því sem við á.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðagjöldum, reiknuðum samkvæmt ofan nefndri jöfnu, á viðkomandi húseignir innan svæðisins og skal heimæðagjald þá reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{H_n}{36\,200,00 \times n + 39,30 \times V_n} \times (36\,200,00 + 39,30 \times V)$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, H_n samanlögð heimæðagjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði reiknuðum samkvæmt

fyrri jöfnu um tilskilda arðsemi, n fjölda heimæða eða hemlagrind, Vn samanlagt rúmmál (utanmál) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði og V rúmmál (utanmál) einstakra húseigna í rúmmetrum reiknað fyrir hverja heimæð eða hemlagrind.

8. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðagjalds þegar hafin er lagning dreifíæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæðar er lokið. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins, ef hitunarkerfi hússins er breytt og það tengt hitaveitu innan 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið.

Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðagjaldi fyrir tilsvarendi húsnæði. Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur heimæðagjald við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðagjöld, vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðagjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera sem svarar gjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1984 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 186 10. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.